

Ed.

515. Fyrirspurn

til landsstjórnarinnar um afstöðu hennar til stjórn mála blaða, sem erlendir fjesýslumenn halda hjer úti.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. Hversu var háttað stuðningi þeim, sem blaðakostur sá, er stendur undir yfirmumsjón og yfirráðum erlendra fjesýslumanna, veitti núverandi stjórn og flestum stuðningsmönnum hennar við síðustu kosningar?
2. Hvaða afstöðu ætlar stjórnin að taka hjer eftir til þessara blaðfyrirtækja?
3. Getur stjórnin gert sjer nokkra hugmynd um, hverskonar fríðindi hinir erlendu fjesýslumenn vilja fá hjá stjórninni og fylgismönnum hennar fyrir veitta liðveislu?
4. Vill stjórnin viðurkenna sem sinn stuðningsmann þann þingmann, sem nú er ritstjóri þessara blaða, þótt hann sje háður erlendum fjesýslumönnum, er að dómi höfuðritstjóra Íhaldsflokksins hafa sýnt *löðurmannlegar skúmaskots-skítkaststilhneigingar*?
5. Hvort trúir stjórnin betur Lögrjettu eða Morgunblaðinu, þegar þau greinir á um stórvægileg þjóðernismál?